

Fiskeldi Austfjarða hf.

10.000 tonna framleiðslu á laxi í Seyðisfirði

Mat á umhverfisáhrifum - frummatsskýrsla

6. Umhverfisáhrif

6.6 Fuglalíf



6.5 Fuglalíf

6.6.1 Grunnástand

Ekki var gerð sérstök athugun á fuglalífi í tengslum við mat á umhverfisáhrifum Fiskeldis Austfjarða heldur var gerð samantekt sem unnin var af fuglafræðingi á vegum Náttúrustofu Austurland að beiðni Fiskeldis Austfjarða. Studdist hann við sín eigin gögn auk gagna frá Náttúrufræðistofnun Íslands. Reynt var að leggja mat á áhrif starfseminnar á fuglalíf út frá gögnum sem til eru.

Aflað var heimilda um fugla í Seyðisfirði og þær skoðaðar með tilliti til fiskeldis í sjó. Stuðst var við ferðadagbækur starfsmanns Náttúrustofu Austurlands.¹ Auk þess fengust upplýsingar um fugla frá staðkunnugum á Seyðisfirði og í Mjóafirði. Náttúrustofa Austurlands kannaði fuglalíf í Seyðisfirði árið 1997 sem nýttist.² Einnig var fuglalíf í fjörum kannað af stofnuninni árin 1998 og 2000.³ Gögn úr vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar Íslands frá Seyðisfirði árin 1987-1989⁴ og frá árunum 2002-2016⁵ nýttust við þessa samantekt. Þá er á internetsíðunni Ebird skrásettir fuglar sem áhugamenn um fugla hafa séð í Seyðisfirði.⁶ Hér verður vitnað í gögn af þeirri síðu fyrir tímabilið 2013-2017 til staðfestingar á eldri upplýsingum.

Flestar athuganirnar eru frá vori og sumri. Samantektin lýtur að þeim tegundum sem teljast til vatna- og sundfugla, þar með taldir sjófuglar, og þeirra sem nýta sér fjöruna á einn eða annan hátt, t.d. vaðfuglar. Fuglategundum sem nota alla jafna svæði innar til landsins, svokallaðir landfuglar er sleppt í þessari umfjöllun.

Kannað var hve margar tegundir voru á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands⁷ og mat lagt á möguleg áhrif fiskeldis á þær. Jafnframt voru nýlega skilgreind mikilvæg fuglasvæði á Íslandi skoðuð m.t.t. staðsetningar fyrirhugaðs fiskeldis í Seyðisfirði.⁸

Samkvæmt heimildum er hér um að ræða 46 fuglategundir sem eru til skoðunar vegna fiskeldisáforma í Seyðisfirði (tafla 26). Líkt og víða á Austfjörðum eru sjófuglar mest áberandi í Seyðisfirði ásamt vaðfuglum og andfuglum.

Tafla 1: Yfirlit yfir fuglaskráningar í Seyðisfirði.

TEGUND	VÁLISTI	STAÐA	ÁHRIF
LÓMUR		Gestur	Lítill
HIMBRIMI	VU	Gestur	Lítill
FÝLL	EN	Algeng	Lítill
DÍLASKARFUR*		Gestur	Lítill
ÁLFT		Fáliðuð	Engin
HEIÐAGÆS****		Gestur	Engin

¹ Halldór W. Stefánsson, ferðadagbækur, 2001, 2012 & 2015

² Halldór W. Stefánsson, 1998

³ Skarphéðinn G. Þórisson, 2000

⁴ Skarphéðinn G. Þórisson, 2000

⁵ Náttúrufræðistofnun Íslands, 2017

⁶ Ebird, 2013-2017

⁷ Náttúrufræðistofnun Íslands, 2018

⁸ Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Borgný Katrínardóttir, Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage, 2016

BLESGÆS***	EN	Umferðarfarfugl	Engin
MARGÆS**		Umferðarfarfugl	Lítill
GRÁGÆS		Algeng	Engin
RAUÐHÖFÐAÖND		Fáliðuð	Engin
URTÖND		Fáliðuð	Engin
STOKKÖND		Algeng	Engin
GULÖND	VU	Sjaldgæfur gestur	Engin
SKÚFÖND		Fáliðuð	Engin
DUGGÖND	EN	Fáliðuð	Engin
ÆÐUR	VU	Algeng	Lítill
STRAUMÖND		Algeng	Lítill
HÁVELLA	NT	Vetrarfugl	Lítill
TOPPÖND		Fáliðuð	Lítill
TJALDUR*****	VU	Algeng	Engin
SANDLÓA		Óþekkt	Engin
HEIÐLÓA		Óþekkt	Engin
SENDLINGUR	EN	Vetrarfugl	Engin
LÓUÞRÆLL		Óþekkt	Engin
HROSSAGAUKUR		Óþekkt	Engin
JADRAKAN		Óþekkt	Engin
SPÓI		Óþekkt	Engin
STELKUR	NT	Algeng	Engin
TILDRA		Umferðarfarfugl	Engin
ÓÐINSHANI		Gestur	Engin
HETTUMÁFUR		Algeng	Lítill
STORMMÁFUR		Fáliðuð	Lítill
SÍLAMÁFUR		Fáliðuð	Engin
HVÍTMÁFUR	EN	Fáliðuð	Engin
SILFURMÁFUR	NT	Algeng	Lítill
BJARTMÁFUR		Gestur	Lítill
SVARTBAKUR	EN	Algeng	Lítill

RITA	VU	Óþekkt	Lítill
KRÍA	VU	Óþekkt	Engin
STUTTNEFJA	EN	Fáliðuð	Engin
LANGVÍA	VU	Algeng	Lítill
ÁLKA	NT	Algeng	Lítill
TEISTA	EN	Fáliðuð	Lítill
HAFTYRÐILL	RE	Vetrarfugl	Lítill
LUNDI	CR	Algeng	Lítill
HRAFN	VU	Algeng	Engin

*Þóra Guðmundsdóttir, munnleg heimild, 12.10.2007. **Ólafur Pétursson, munnleg heimild, 28.8.2009. ***Sólveig Sigurðardóttir, tölvupóstur fenginn þann 21.11.2011. ****Ólafur Pétursson, tölvupóstur fenginn þann 30.10.2017. *****Skúli Sveinsson, munnleg heimild 9.3.2010..

Af 46 fuglategundum sem eru taldar upp í töflu 26, eru 22 á válista.⁹ Aðeins stormmáfur er sjaldgæfur á Austurlandi en aðrar eru algengari.

Æðarfugl er að finna í Seyðisfirði og má búast við varpi hennar á þessum slóðum. Fiskeldi Austfjarða er ekki kunnugt um að friðlýst æðarvarp sé að finna í Seyðisfirði og byggist það á öflun upplýsinga frá embætti Sýslumannsins á Austurlandi.

Nýlega voru skilgreind mikilvægustu fuglasvæðin á Íslandi.¹⁰ Alls voru skilgreind 121 svæði um allt land. Eitt þeirra er Skálanesbjarg sem er yst í Seyðisfirði sunnanverðum. Bjargið er álitnið alþjóðlega mikilvæg sjófuglabbyggð með meira en 10 þúsund varppör af fýlum. Ekki er líklegt að fyrirhugað fiskeldi svo fjarri Skálanesbjargi hafi áhrif á fýlabbyggðina þar.

6.6.2 Viðmið umhverfisáhrifa

Við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda á fugla eru eftirfarandi viðmið lögð til grundvallar:

- Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd
- Lög nr. 64/1994 um vernd og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.
- Válisti 2. Fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands, 2018.
- Reglugerð nr. 252/1996 um friðun tiltekinna villtra fuglategunda.
- Náttúruverndaráætlun 2009-2013.
- Alþjóðasamningar er varða líffræðilega fjölbreytni og vernd votlendis.

1.1.1 6.6.3 Umhverfisáhrif

Helstu umhverfisáhrif á fugla af völdum sjókvíaeldis eru líklega vegna fóðrunar eldisfisks sem leitt getur til breytinga á fæðuframboði og einnig kunna kvíarnar sjálfar að hafa nokkur áhrif.

⁹ Náttúrufræðistofnun Íslands, 2018

¹⁰ Kristinn H. Skarphéðinsson o.fl., 2016

Eldi á laxi í sjókvíum eykur magn af lífrænu efni í nágrenni við þær. Bæði er um að ræða fóður sem ekki er nýtt af eldisfiskinum og fellur til botns og einnig úrgangur frá fiskinum. Þetta lífræna efni getur aukið framleiðni í tegundum eins og þörungum, kræklingi, öðrum hryggleysingjum og fiskum. Þessar tegundir geta svo nýst fuglum sem aukin fæða. Kræklingar eru ásætur á mannvirkjum kvíaeldis svo sem köðlum og reipum og aukið lífrænt efni í sjó umhverfis kvíarnar nýtist þeim sem fæða sem þeir sía úr sjónum.

Laxeldskvíar geta verið aðlaðandi fyrir ýmsar tegundir fugla, aðallega sjófugla, sem setstaðir eða sem skjól.¹¹ Umferð manna og báta við kvíarnar er takmörkuð við umferð starfsmanna svo ekki er mikið um mannaferðir við þær. Vegna möskvastærðar í kvíum og sýnileika þeirra er ekki líklegt að fuglar ánetjist og drukknir.

Áhrif sjókvíaeldis á ýmsar fuglategundir, t.d. æður, máfa og skarfa eru þekkt og má í því samhengi benda á rannsóknir sem unnar hafa verið í Reyðarfirði/Eskifirði og Kelduhverfi, en á báðum þessum stöðum hafa verið eða er starfrækt fiskeldi. Fuglalíf í Stöðvarfirði er á engan hátt frábrugðið því sem finnst í Reyðarfirði/Eskifirði og Kelduhverfi. Laxeldi var starfrækt í kvíum við Mjóeyri í Eskifirði á árunum frá 1988 til 1997. Þar fékkst reynsla á hvaða áhrif sjókvíaeldi getur haft á þann fjölda fuglategunda sem árlega dvelur í Eskifirði. Það kom meðal annars í ljós að þrátt fyrir mikið mávager í Eskifirði hafði það ekki merkjanleg áhrif á varp æðarfugls á svæðinu, en eldið laðaði að sér æðarfugl sem virtist leita sér þar verndar og einnig sóttist hann eftir æti þar sem kræklingur þrífst vel. Vitað er að aðrar tegundir eins og t.d. silfurmafur, svartbakur og hrafn sækja að fiskvinnslustöðvum og hvers konar verksmiðjum sem gefa frá sér fæðuúrgang. Þessar tegundir munu laðast að sjókvíaeldi ef fæða er í boði. Það sama á einnig við um nokkrar aðrar tegundir.^{12 13}

Kvíunum í Eskifirði var komið fyrir í nærumhverfi fuglanna þar sem siglingar skipa og báta, umferð ökutækja og gangandi varð ekki til þess að fuglar fældust svæðið. Þá var einnig talsverð skipaumferð framhjá varpinu í Hólum í Reyðarfirði tengt álverinu að Hrauni sem er í um 2,8 km fjarlægð frá varpinu þar, en það hefur ekki hefur staðið æðarvarpinu fyrir þrífum nema síður sé því varpið hefur margfaldast að vexti milli árána 1999 og 2016.¹⁴ Hér var um að ræða eldi sem var mun smærra í sniðum en það sem fyrirhugað í Seyðisfirði. Rannsóknir frá Reyðarfirði sýndu einnig að æðarvarp varð ekki fyrir mikilli truflun frá sjókvíaeldi.

Talsverð reynsla er fyrir hendi af áhrifum fiskeldis á fuglalíf og áhrif á æðarvarp við fiskeldisstöðina Rifós í Kelduhverfi sem hefur verið starfrækt um langt skeið. Hér er um að ræða eldi sem var mun smærra í sniðum en það sem fyrirhugað er í Seyðisfirði. Sú reynsla styður við reynsluna frá Eskifirði.¹⁵

Æðarfuglar eru sólgirnir í krækling og getur þessi aukni staðbundni vöxtur í kræklingastofni dregið að æðarfugla sem nýta þessa fæðuuppsprettu. Æðarfugl aflar sér fæðu að mestu leyti í fjöruborðinu eða á grunnsævi og er kræklingur helsta fæðan ásamt marflóm. Yfirleitt er talið að aukið fiskeldi auki fæðuframboð fyrir æðarfugl og sé því jákvætt fyrir tegundina. Helst er horft til þess að ásætur á kvíunum, oft kræklingur, nýtist fuglunum sem fæða en einnig er líklegt að aukning næringarefna í umhverfinu skili sér til fuglanna á annan hátt. Tap á búsvæðum æðarfugls vegna kvía er ólíklegt þar sem staðsetning þeirra yrði á meira dýpi en æðarfugl nýtir sér. Vitað er að grútarmengun getur

¹¹ Davenport o.f.l., 2003

¹² Stefánsson, H.W., & Þórisson, S., 1999

¹³ Náttúrustofa Auturlands, 2002

¹⁴ Stefánsson, H.W., & Þórisson, S., 1999

¹⁵ Hörður Kristinsson, Halldór Walter Stefánsson, Guðmundur Guðjónsson og Ólafur K. Nielsen 1999

valdið æðarfugli skaða en ekki er fyrir hendi staðfest dæmi um að fiskeldi hafi orsakað grútarmengun og þannig skaðað æðarfugl, hvorki erlendis né hér á landi.

Í fundargerð aðalfundar Æðarræktunarfélagsins árið 2016 kemur fram að skiptar skoðanir séu meðal félagsmanna um áhrif laxeldis á æðarvörp. Skýrt kemur fram að rannsóknir vanti, en menn á Vestfjörðum sem stunda æðarrækt telja að eldi hafi verið til bóta fyrir fuglinn.¹⁶ Svipuð sjónarmið koma fram í greinargerð aðalfundar Æðarræktarfélagins árið 2017. Stjórn félagsins tók þá afstöðu að fylgjast verði með áhrifum eldis á æðarfugl en hefur að öðru leyti ekki sett sig upp á móti því.¹⁷

Niðurstaða samantektarskýrslu um vistfræðileg áhrif sjókvíaeldis í Nýja Sjálandi var að möguleg áhrif eldis á fugla væru ekki vel skilgreind, en rannsóknir þar hafa þó sýnt að sjókvíar laða að ýmsa sjófugla sem njóta góðs af auknu fæðuframboði við kvíar. Þar var einnig bent á að aukið sjókvíaeldi takmarki mögulega búsvæði einhverra fuglategunda, en með staðarvali má draga úr slíkum áhrifum.¹⁸ Þá er þekkt að bátaumferð getur haft fælandi áhrif á ófleyga fugla¹⁹ en umfang slíkrar truflunar ætti að vera innan þolmarka í Seyðisfirði.

6.6.4 Vöktun og mótvægisáðgerðir

Ekki er gert ráð fyrir sérstakri vöktun vegna áhrifa fyrirhugaðs eldis á fuglalíf. Áður var fjallað um vöktun vegna áhrifa á eðliseiginleika sjávar og vistfræðilega þætti.

6.6.5 Niðurstaða

Áhrif á fugla á athafnasvæði kvíanna og þar í kring verða afturkræf og óveruleg eða talsvert jákvæð. Sé litið á áhrifasvæðið Seyðisfjarðar í heild þá eru áhrif á fuglalíf talin verða óveruleg.

¹⁶ Æðarræktarfélag Íslands, 2016

¹⁷ Æðarræktarfélag Íslands, 2017

¹⁸ Forrest o.fl., 2007

¹⁹ Follestad, 2015